

Fimmtudagurinn, 26. október 2000

148. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 31/2000

Erindi Tals hf. vegna „léttkaupa“ Landssíma Íslands hf.

I.

Erindið og málsmeðferð

1.

Samkeppnisstofnun barst erindi frá Ragnari Aðalsteinssyni hrl., í umboði Tals hf., dags. 13. apríl sl. Í erindinu segir að í auglýsingu Landssímans í Morgunblaðinu, 11. mars sl., sé boðið upp á það sem nefnt sé í auglýsingunni „*léttkaup*“. Þar sé viðskiptamönnum boðið upp á að kaupa þrenns konar síma. Í öllum tilvikum sé útborgunarverð 12 þúsund krónum lægra heldur en endanlegt verð. Viðskiptamönnum sé boðið að greiða eftirstöðvarnar með jöfnum eitt þúsund króna afborgunum á mánuði í tólf mánuði án vaxta og kostnaðar, ef þeir eru eða gerist áskrifendur hjá Landssímanum. Viðskiptamönnum annarra fjarskiptafyrirtækja sé ekki neitað um viðskipti heldur geti þeir keypt símann á sömu kjörum, að því breyttu, að greiða innheimtukostnað sem sé annað hvort kr. 250 eða kr. 350 á mánuði.

Ennfremur segir að augljóst sé að Landssíminn sé með tilboðinu að binda viðskiptamenn til viðskipta við farsímadeild sína og greiða niður vexti og kostnað. Skilmálar viðskiptamanna félagsins séu hagstæðari heldur en viðskiptamanna annarra þjónustufyrirtækja. Landssímanum hafi verið bannaðir slíkir viðskiptahættir af samkeppnisráði. Landssíminn hafi markaðsráðandi stöðu á íslenskum farsímamarkaði. Fyrrgreindir skilmálar hafi skaðleg áhrif á samkeppni og séu andstæðir 17. gr. samkeppnislaga. Kvartandi krefst þess að samkeppnisráð grípi til íhlutunar gagnvart Landssímanum og banni félaginu þær aðgerðir sem eru tilefni erindisins og að það bann taki þegar í stað gildi að viðlögðum dagsektum. Þá er þess krafist að Landssíminn sæti stjórnvaldssektum, skv. 52. gr. samkeppnislaga. Ennfremur segir að í ljósi margítrekaðra

brota Landssíma Íslands sé þess krafist að málið verði afgreitt eins fljótt og unnt er og athugað verði hvort rétt sé að taka bráðabirgðaákvörðun í málinu.

2.

Erindið var sent Landssíma Íslands til umsagnar með bréfi, dags. 17. apríl sl., og athygli vakin á ósk kvartanda um bráðabirgðaákvörðun vegna málsins. Svar barst frá Landssímanum, dags. 3. maí sl., ásamt fylgiskjölum. Þar segir m.a. að Landssíminn hafi um nokkurt skeið boðið farsíma með afborgunarkjörum. Tilgangurinn sé að auðvelda landsmönnum kaup á slíkum búnaði á viðráðanlegum kjörum. Einnig sé Landssíminn að bregðast við afar óheilbrigðum og ólögmætum viðskiptaháttum kvartanda. Þar sé átt við svokallaða Tal 12-áskrift, stórfelldar langtímaniðurgreiðslur, bindingar og aðrar samkeppnishamlandi aðgerðir, sem gerðar hafi verið að umtalsefni í öðru bréfi Landssímans til Samkeppnisstofnunar, dags. 3. maí sl.

Ennfremur segir að í fylgiskjali nr. 1 sé að finna útreikninga miðað við forsendur sl. haust þegar undirbúningur að þjónustunni stóð yfir, en „*léttkaupin*“ hafi staðið viðskiptavinum til boða síðan í desember 1999. Á fylgiskjali nr. 2 sé að finna endurskoðaða útreikninga miðað við nýjustu kostnaðartölur. „*Léttkaupin*“ skili í öllum tilvikum heilbrigðri framlegð, eða frá [. . .]¹ Jafnframt hafi vaxtakostnaður verið reiknaður inn í verð símanna sem taki mið af vaxtakjörum sem bjóðast hjá viðskiptabanka Landssímans. Fylgiskjal nr. 3 geymi dæmi um staðlaðan kaupsamning með eignarréttarfyrirvara sem notaður sé við léttkaup á farsímum. Svo sem skýrt sé tekið fram eru 11% vextir innifaldir í kaupverði. Því er þ.a.l. mótmælt sem rakalausum að Landssíminn greiði niður vexti og kostnað. Einnig komi fram skýrum stöfum að sé kaupandi ekki áskrifandi að þjónustu Landssímans verði sendur sérstakur reikningur og innheimt útskriftargjald að upphæð kr. 220. Að öðrum kosti sé mánaðarleg greiðsla afborgana og vaxta innheimt með farsímareikningi kaupanda.

Því er harðlega mótmælt, að með því að gera áskrifendum annarra símafyrirtækja að greiða hóflegan innheimtukostnað eigi sér stað mismunun í skilningi samkeppnisréttarins. Mismunun sé enda öfugmæli um atvik þar sem Landssíminn leggi sig fram um að gæta jafnræðis með því að gefa m.a. viðskiptamönnum kvartanda færi á að taka þátt í tilboðinu. Staðreynd málsins sé sú að breytilegur kostnaður við að senda sérstakan reikning vegna léttkaupa

¹ Fellt niður vegna trúnaðar.

til viðskiptamanna sé kr. 220. Þessi kostnaður sé sá sami og leggist jafnt á alla sem óska eftir sérstökum reikningi. Kostnaður við að selja slíkum viðskiptamönnum sé einfaldlega hærri og endurspeglar í útskriftargjaldinu. Landssíminn krefst þess að Samkeppnisstofnun leggi án frekari málsmeðferðar til við samkeppnisráð að hafast ekki frekar að vegna „*léttkaupa*“ Landssímans.

3.

Með bréfi, dags. 9. maí sl., var kvartanda tilkynnt að Samkeppnisstofnun teldi ekki tilefni til þess að taka bráðbirgðaákvörðun vegna erindisins og að málið myndi fá hefðbundna meðferð hjá samkeppnisyfirkvöldum.

Með bréfi, dags. 9. maí sl., var Landssímanum gefinn kostur á að koma á framfæri frekari athugasemdum vegna erindisins. Einnig óskaði Samkeppnisstofnun eftir vörureikningum og tollskýrslum, sem standa að baki útreikningum Landssímans um framlegð af sölu GSM síma, samkvæmt fylgiskjölum 1 og 2, sem fylgdu bréfi Landssímans. Með bréfi, dags. 19. maí sl., bárust reikningar frá Landssímanum og viðbótarreikningar 19. júní sl., samkvæmt beiðni stofnunarinnar.

Með bréfi, dags. 28. júní sl., var aðilum málsins sendur listi yfir gögn þess. Þeim var tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og málið yrði í framhaldi af því lagt fyrir samkeppnisráð.

II.

Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 26. október 2000, var ákvörðun tekin í þessu máli. Fundinn sátu Atli Freyr Guðmundsson, Brynjólfur Sigurðsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Sigurbjörn Magnússon.

1.

Kvörtun Tals byggist á því að Landssíminn niðurgreiði vexti og kostnað fyrir viðskiptamenn sína og bindi þá í viðskiptum með „*léttkaups*“ tilboðum sínum. Viðskiptamönnum annarra fyrirtækja sé ekki neitað um viðskipti, en þeir þurfi að greiða innheimtukostnað sem sé annað hvort kr. 250 eða kr. 350 á mánuði. Skilmálar viðskiptamanna Landssímans séu hagstæðari heldur en viðskiptamanna annarra þjónustufyrirtækja. Með vísan til markaðsráðandi

stöðu Landssímans á farsímamarkaðnum krefst kvartandi íhlutunar samkeppnisyfirvalda

„Léttkaup“ er sala á GSM sínum með afborgunum. Útborgun er mismunandi eftir söluverði símanna, en eftirstöðvar eru alltaf kr. 12.000, sem greiðast með jöfnum mánaðarlegum afborgunum í tólf mánuði.

Í stöðluðum samningsskilmálum Landssímans fyrir kaupsamning með eignarréttarfyrirvara vegna „léttkaupa“ segir í 1. grein:

„Kaupandi lofar að greiða umsamið kaupverð skv. ofanskráðu með þeim kjörum sem í samningi þessum greinir. Innifalið í kaupverði eru 11% vextir. Mánaðarleg greiðsla afborgana og vaxta verður innheimt með farsímareikningi kaupanda. Sé kaupandi ekki áskrifandi að þjónustu Landssímans er sendur sérstakur reikningur og er þá innheimt útskriftargjald að upphæð 220 kr.“

2.

Í auglýsingunni, sem kvartandi vísar til eru boðnar þrjár tegundir af GSM sínum. Samkeppnisstofnun hefur kynnt sér vörureikninga og tollskýrslur fyrir þessa síma. Verðmyndun þeirra er eftirfarandi og er miðað við verð í byrjun maí, en Nokia 3210 og ML 7089 hafa lækkað nokkuð í söluverði, skv. núverandi „léttkaups“ tilboði frá tilboðinu í mars (verð er með vsk.):

Tegund	Söluverð	Léttkaup	Útborgun	Innk.verð	Vextir 11%	Framlegð krónur.	Framlegð %
Nokia 3210	19,980	12,000	7,980	[...] ²	715	[...]	[...]
ML 7089	24,980	12,000	12,980	[...]	715	[...]	[...]
Nokia 6150	33,980	12,000	21,980	[...]	715	[...]	[...]

Eins og fram kemur í töflunni er framlegð af sölu þessara síma og tekið er tillit til vaxtakostnaðar. Kvörtun Tals hf. þess efnis að um niðurgreiðslur sé að ræða á ekki við rök að styðjast. Samkeppnisstofnun hefur einnig kynnt sér

² Fellt út vegna trúnaðar

verðmyndun sex annarra GSM síma, sem eru í „*léttkaups*“ tilboðum og er einnig framlegð af þeim tegundum.

Kvartandi telur að um mismunun sé að ræða þar sem viðskiptamenn annarra þjónustufyrirtækja en Landssímans þurfi að greiða fyrir útskrift reikninga. Samkvæmt umsögn Landssímans er viðbótarkostnaður við að senda sérstakan reikning vegna „*léttkaupa*“ til viðskiptamanna kr. 220. Þessi kostnaður leggist jafnt á alla sem óski eftir sérstökum reikningi. Samkeppnisráð getur fallist á að kostnaður við að skrifa út og senda reikning geti farið nærri þessari upphæð og telur ekki ástæðu til athugasemda af þeim sökum.

3.

Landssíminn er í markaðsráðandi stöðu á GSM-markaðnum, sbr. m.a. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 17/1999. Samkeppnisráð hefur heimild, skv. 17. gr. samkeppnislaga, til þess að grípa til aðgerða gegn hegðun markaðsráðandi fyrirtækis, samningum eða öðrum aðstæðum sem kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni og geta leitt til þess að fyrirtækið viðhaldi eða styrki markaðsráðandi stöðu sína.

Í því máli sem hér er til umfjöllunar verður hins vegar ekki séð að auglýst sölutilboð Landssíma Íslands, svokölluð „*léttkaup*“, hafi skaðleg áhrif á samkeppni.

III.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til afskipta samkeppnisráðs í þessu máli.“